



## D Ó M U R

16. nóvember 2007

Mál nr.        **S-344/2007:**

Ákærandi:    Sýslumaðurinn á Húsavík

*(Svavar Pálsson fulltrúi)*

Ákærðu: Z

*(Örlygur Hnefill Jónsson hdl.)*

X

*(Arnbjörg Sigurðardóttir hdl.)*

Réttargæsla: *(Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.)*

Dómari: Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Norðurlands eystra 16. nóvember 2007 í máli**

**nr. S-344/2007:**

### **Ákærvaldið**

*(Svavar Pálsson fulltrúi)*

**gegn**

**Z og**

*(Örlygur Hnefill Jónsson hdl.)*

**X**

*(Arnbjörg Sigurðardóttir hdl.)*

Réttargæsla:

*(Ásgeir Helgi Jóhannsson hdl.)*

Mál þetta, sem var dómtekið 1. nóvember sl., höfðaði sýslumaðurinn á Húsavík hér fyrir dómi þann 19. október sl., á hendur X, og Z:

„fyrir líkamsárásir aðfaranótt sunnudagsins 30. september 2007, á og við veitingastaðinn Gamla Bauk við Húsavíkurhöfn:

## I.

Gegn [Z] með því að hafa slegið [A], nokkrum hnefahöggum í andlitið með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgur og eymsli í andlit.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981 og 110. gr. l. nr. 82, 1998.

## II.

Gegn [Z] með því að hafa slegið [B], hnefahögg í höfuðið svo hann féll í gólfið og síðan sparkað í höfuð, trampað ítrekað á fótum og bók og að endingu sparkað öðru sinni í höfuð [B], allt með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði á hægri fæti og hlaut áverka í andlit.

Telst þetta varða við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20, 1981 og 111. gr. l. nr. 82, 1998.

## III.

a. Gegn [Z] með því að hafa slegið [D], hnefahögg í andlitið, og

b. gegn [Z] og [X] með því að hafa í félagi veist að [C], snúið hann niður og sparkað í andlit hans og skrokk, allt með þeim afleiðingum að hann hlaut áverka í andlit og eymsli á hægri öxl.

Telst þetta varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 10. gr. laga nr. 20, 1981 og 110. gr. l. nr. 82, 1998.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar.

[B] krefst skaðabóta að fjárhæð kr. 1.599.023, auk áskilnaðar um frekari kröfur.

[C] krefst skaðabóta að fjárhæð kr. 343.834, auk áskilnaðar um frekari kröfur.“

Ákærðu neita báðir sök.

## I.

Klukkan tvö aðfaranótt sunnudagsins 30. september sl. barst lögreglunni á Húsavík tilkynning um fjöldaslagsmál fyrir framan skemmtistaðinn Gamla Bauk á Húsavík. Kom fram í tilkynningunni að brotist hefðu út slagsmál á milli erlendra farandverkamanna og einhverra heimamanna. Var beðið um skjóta aðstoð lögreglu. Lögregla fór á vettvang á tveimur bifreiðum. Sinntu fjórir lögreglumenn, allt það lið sem tiltækt var, útkallinu.

Í frumskýrslu D lögreglumanns segir að er hann kom á vettvang ásamt E lögreglumanni hafi fjöldi manna verið í slagsmálum á pallinum fyrir framan Gamla Bauk og hafi verið erfitt að gera sér grein fyrir hversu margir tóku þátt í þeim, þar sem menn hafi barið hver á öðrum og einhverjir verið að reyna að skilja þá að, en stundum sé erfitt við slíkar aðstæður að greina þar á milli. Hafi á að giska 20-30 manns tekið þátt í slagsmálunum er lögregluna bar að og megi segja að mikill múgæsingur hafi myndast þarna á vettvangi. Er lögreglumenn hafi gengið upp á pallinn við Gamla Bauk hafi B legið í hnipri á pallinum hreyfingarlaus. Hafi hann í fyrstu virst vera meðvitundarlaus en rankað við sér þegar lögreglumenn og viðstaddir hafi reynt að vekja hann. Hafi verið reynt að koma B af pallinum svo hann yrði ekki troðinn undir í látunum. Er hann hafi staðið á fætur hafi hann kvartað undan miklum verk í hægri fæti og hafi hann verið studdur að lögreglubifreiðinni. D kveðst hafa séð mann að nafni Y og ákærða X í slagsmálum við einhverja Íslendinga er að var komið. Hafi hinn fyrrnefndi haft sig mikið í frammi og hafi D séð hann slá mann hnefahögg í andlitið. Hafi þetta gerst hratt og lítil lýsing verið á vettvangi þar sem slagsmálin hafi farið fram og hafi hann ekki náð að setja það á sig hver það var sem Y sló í andlitið. Y hafi verið handtekinn og færður í lögreglubifreið. Eftir að í hana var komið hafi hann róast fljótt. Einnig hafi ákærði X verið færður í lögreglubifreiðina og hann verið rólegur. Ákveðið hafi verið að aka þessum mönnum að Fosshótelinu á Húsavík þar sem þeir höfðu aðsetur. Lögreglumenn hafi að því búnu hraðað sér aftur að Gamla Bauki. Fljótlega eftir að þangað hafi verið komið hafi Y komið á ný að Gamla Bauki og ætlað að halda áfram þar sem frá var horfið. Hann hafi þá verið handtekinn á ný, handjarnaður og færður á lögreglustöð og vistaður í fangaklefa. Vitni hafi bent á að F hefði tekið þátt í átökunum ásamt fleiri erlendum farandverkamönnum. Hafi lögregla haft tal af nefndum F til að fá niður nafn og fleiri upplýsingar og séð að hann var með nýlegt sár eða rispur á hægri (svo) kinn. Hafi hann ekki viljað segja þeim hvers vegna eða hvenær hann hefði fengið þessar rispur. Fimm menn hafi verið fluttir á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga til læknisskoðunar og síðan hafi B verið sendur með sjúkrabifreið á Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri. Hann hafi reynt vera fótbrottinn á hægri fæti.

Í sérstakri upplýsingaskýrslu sama lögreglumanns segir að er lögreglumenn hafi komið á vettvang hafi nokkrir menn bent á dökkhærðan mann, með stutt, liðað eða krullað hár, í svörtum stuttermabol með hvítu gráu lettri eða mynd framan á bolnum og lítið sár á vinstri kinn. Hafi verið upplýst að hann hétu Z og starfaði hjá Norðlenska ehf. á Húsavík. Hafi maðurinn verið að fylgjast með því sem var um að vera, en þá hafi verið unnið að því að flytja slasaða frá skemmtistaðnum og á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga til skoðunar. Síðar um kvöldið hafi lögregla verið í bifreið á Garðarsbraut er lögreglumenn hafi séð sama mann ganga upp stiga frá hafnarsvæðinu við Gamla Bauk og upp á bifreiðastæði. Hafi lögregla haft tal af mannum og tveimur konum sem með honum voru. Hafi hann neitað að segja til nafns og ekki sagst hafa skilríki meðferðis. Hafi verið gengið á manninn um að segja hver hann væri, en hann hafi alfarið neitað að verða við því og sagt að lögreglu kæmi það ekki við. Er enn frekar hafi verið á hann gengið hafi hann skrifað nafnið F í minnisbók lögreglu. Er lögregla hugðist sækja þennan mann á vinnustað sinn þann 1. október sl. hafi lögreglumenn þekkt ákærða Z sem þennan mann.

## II.

Lögregla yfirheyrði ákærða Z síðdegis 1. október sl. Kvaðst hann hafa farið á Gamla Bauk ásamt fleiri starfsmönnum Norðlenska ehf. Hann hafi farið að fá sér drykk á barnum og staðið við stigann þegar 5-6 manns hafi stokkið á portúgalskan samstarfsmann hans. Hann hafi reynt að stöðva þetta með því að grípa í einhvern mann og kalla til manna að hætta, en þá hafi hann verið sleginn á kinnbeinið undir vinstra auga. Hafi það gerst svo hratt að hann hafi ekki séð hver sló hann. Síðan hafi einhver Íslendingur haldið í skyrtukraga hans og til að losna hafi hann slegið frá sér. Hann hafi ekki séð hvern hann sló eða hvar höggið lenti því hann hafi lokað augunum. Eftir þetta hafi verið gerður aðsúgur að honum. Hann hafi komist út um útidyr, en þar hafi hópur fólks verið fyrir, þannig að hann hafi ekki komist frá húsinu. Hann hafi farið aftur inn á staðinn og inn á Gamla Bauk og lokað að sér inni á salerni. Hann hafi beðið þar í um 15 mínútur. Þá hafi hann farið út og komist hugsanlega fram á miðjan pallinn framan við útidyrnar. Þá hafi fjöldi fólks komið og hafi verið gripið í hann og hann orðið mjög hræddur. Hann hafi farið aftur inn á Gamla Bauk. Síðan hafi hann náð að komast út á veröndina og stokkið yfir handrið. Hann hafi gengið upp stiga og þar hitt tvær stúlkur, sem bjuggu á sama stað og hann, og þau haldið heim. Áður en hann fór út í síðasta sinn hafi hann m.a. sest við borð við barinn inni á Gamla Bauki og þar hafi verið kona inni á barnum, trúlega sú sem eigi staðinn eða hafi a.m.k. unnið á barnum, og hún hafi spurt hann hvort hann hefði verið að slást. Hafi hann neitað því og hún þá boðið honum að vera kyrr inni á staðnum uns ástandið batnaði.

Ákærði kannaðist við að hafa sagt lögreglunni rangt til nafns og skýrði það með því að hann hefði verið hræddur og viljað komast heim og ekki viljað fara til baka á veitingastaðinn. Hann kvaðst hafa verið klæddur í bláar gallabuxur og svarta skyrtu.

Ákærði X var kallaður fyrir lögreglu 2. október sl. og gaf þá skýrslu sem vitni. Hann skýrði svo frá að hann hefði farið frá dvalarstað sínum á Fosshótelu ásamt fleirum að skemmta sér á Gamla Bauki. Hann hefði orðið var við að samstarfsmaður hans, fyrrnefndur Y, hefði verið dreginn út af staðnum. Hann hefði verið reiður og æstur. Ákærði kvaðst hafa fylgt honum. Veist hefði verið að Y, en ekki að sér, en þó hefði hann fengið högg á brjóstakassa. Y hefði verið færður í lögreglubifreið og kvaðst ákærði hafa fylgt honum. Kvaðst hann ekki hafa verið viðriðinn nein átök og ekki séð til ákærða Z síðan þeir höfðu setið nokkra stund við borð inni á staðnum.

A kom á lögreglustöð á Húsavík sunnudaginn 30. september 2007 og kærði líkamsárás. Kvaðst hann hafa verið að skemmta sér á Gamla Bauki og lent í útistöðum við Y. Hefði sá slegið hann í andlitið með krepptum hnefa svo hann féll steinrotaður.

Um áverka A liggur frammi læknisvottorð, dagsett 9. október 2007, þar sem kemur fram að við skoðun hafi hann verið bólginn og aumur neðan við hæggra auga. Nef hafi verið bólginn en ekki aflagast, blætt hafi úr hægri nös.

Þann 4. október 2007 kom B á lögreglustöð og kærði líkamsárás. Lýsti hann atvikum svo að hann hefði verið að skemmta sér á Gamla Bauki. Um klukkan tvö

um nóttina kvaðst hann hafa verið staddur úti á palli fyrir framan skemmtistaðinn og séð mann að nafni G sleginn í andlit. Kvaðst hann hafa ætlað að fara til G og fjarlægja hann, en trúlega ekki komist. Hann hefði fengið högg á höfuðið, en myndi ekki hvaðan það hefði komið. Hann væri ekki viss um hvað síðan hefði gerst og myndi næst með vissu að verið var að hjálpa honum á fætur. Hann hefði ekki hugmynd um það hver sló hann eða hvernig hann hefði fótbrotnað.

Áverkar B samkvæmt læknisvottorði 9. október sl. voru bólga yfir vinstra kinnbeini og bólga og sár eymsli á hægri ökkla. Röntgenmynd sýndi þverbrot gegnum það sem er kallað í vottorðinu „distala fibula“. Mun þar trúlega eiga að standa „distal fibula“, og er ágiskun dómara, sem ekki er læknisfróður, að það sé neðsti hluti sperrileggsins.

C kom á lögreglustöð þann 1. október 2007 og kærði líkamsárás. Kvaðst hann hafa verið á Gamla Bauki þetta kvöld og verið á pallinum beint fyrir framan aðalinnganginn að húsinu. Hann hefði þar verið að tala við R og séð hvar B lá. Yfir honum hafi staðið maður í svörtum bol ásamt fleiri mönnum, tveimur til þremur, og hafi þeir verið að ganga í skrokk á B með því að sparka í hann. Hann hafi ætlað að reyna að koma manningnum í svarta bolnum frá, en eftir það hafi hann orðið fyrir mörgum hnefahöggum, líklega frá manni í skærlitum eða appelsínugulum bol og manningnum í svarta bolnum. Hann kveðst hafa verið sleginn niður og síðan hafi verið sparkað í andlitið á honum.

Samkvæmt læknisvottorði, dagsettu 9. október 2007, var C með bólgu og eymsli yfir kinnbeinum og eymsli framan á hægri öxl en engir aðrir sjáanlegir áverkar voru á honum.

Þann 2. október sl. yfirheyrði lögregla H sem vitni. Kvaðst hann hafa verið að skemmta sér um nóttina en ekki verið undir áhrifum áfengis, þó hafa drukkið einn bjór. Hann hefði verið staddur utan dyra um klukkan tvö, en gengið þaðan inn fyrir og séð A blóðugan í framan. Einhver útlendingur, klæddur í dökka skyrtu og dökkhærður, hefði þá verið að kasta til borðum inni í salnum. Hann hefði farið að liðsinna dyravörðum við að koma æstum mönnum út fyrir og að því búnu farið út sjálfur. Þá hefði hann þegar séð B í slagsmálum við tvo menn. Annar hefði verið sá sami og kastaði borðum til innan dyra, en hinn hefði verið dökkhærður, stuttklipptur í svörtum stuttermabol með ljósum stöfum framan á. Þessir menn hefðu snúið C niður og síðan hefði annar útlendingurinn, sá krullhærði, sparkað í höfuð hans og hinn framan á líkamann. Hann hefði farið til og ýtt þeim frá og þeir þá hætt áflogunum. Eftir þetta hefði hann orðið þess var að fólk stumraði yfir B, en hann gæti ekki fullyrt hvort hann hefði legið á pallinum er hann kom út.

H var boðaður til lögreglu til myndbendingar þann 12. október sl. Voru honum sýnd þrjú spjöld, hvert með níu andlitsmyndum. Benti hann á eina mynd, sem er af ákærða Z, og sagði hana vera af „einum þeirra“ sem sparkaði í C. Ekki var mynd af ákærða X á neinu þessara spjalda. Þann 16. október sl. var H boðaður til myndbendingar á ný. Var enn lagt fyrir hann spjald með níu myndum. Benti hann á mynd af ákærða X og sagði hann vera þann sem hefði verið í dökkri skyrtu og bláum gallabuxum, dökkhærður og frekar lágvaxinn. Væri þetta sá sem hefði sparkað í andlit C og einnig sá sami og hefði kastað til borðum inni á veitingahúsinu. Hefði hann haldið þessum mönnum frá C er lögreglu bar að. Hefði lögreglumaðurinn E álitnið að hann berðist við þá og ætlað að skilja þá að. Hefði

hann sagt E að hann væri allsgáður og væri að stilla til friðar. Hefði E þegar tekið það til greina. Hann hefði oft og mörgum sinnum bent lögreglumönnum á þessa menn til að koma á framfæri aðkomu þeirra að málinu.

Ákærði X var yfirheyrður á ný af lögreglu þann 18. október sl. og þá sem grunaður. Hann skýrði enn svo frá að hann hefði ekki séð önnur slagsmál en þau sem Y hefði lent í við aðaldyr staðarins. Þar hefði hann tekið einhvern frá Y. Hann hefði viljað gæta Y. Lögregla hefði fljótlega birst og hann hefði fengið leyfi lögreglu til að fylgja Y. Síðan hefði hann farið aftur á Gamla Bauk og þá hefði allt verið þar með friði og spekt.

Ekki þykir ástæða til að rekja efni rannsóknargagna lögreglu frekar í þessum kafla, en vikið að framburði ákærðu og vitna fyrir dómi.

### III.

Ákærði X skýrði svo frá hér fyrir dómi að hann hefði farið á Gamla Bauk ásamt hópi fólks sem bjó með honum á Fosshótel, þ. á m. meðákærða sem sé mjög góður vinur sinn.

Ákærði X kveðst hafa séð einhver átök manna, en aðeins milli fyrrnefnds Y og einhverra manna. Hann hafi farið út til að reykja og séð fjölda manns grípa í Y. Hafi hann gripið í einhvern mann og togað hann frá Y. Þetta hafi gerst á pallinum fyrir utan veitingastaðinn. Þarna hafi verið æsingur, hróp og köll, en engin slagsmál sem slík. Hann hafi þó haft áhyggjur af því að þau gætu brotist út og því fylgst með Y, því að hann hafi ekki viljað að hann lenti í vandræðum. Síðan hafi hann orðið var við hróp og læti og eftir það orðið var lögreglu, sem hafi tekið Y. Hann hafi farið á eftir og síðan verið ekið á Fosshótel ásamt Y. Telur ákærði hafa liðið um 45 mínútur frá því að hann yfirgaf Gamla Bauk, uns hann kom þangað aftur. Aðspurður kvað hann vera um 15 mínútna gang þangað frá Fosshótel. Þá hafi lögreglan verið farin og rólegt yfirbragð á mönnum. Allmargir hafi þá staðið fyrir utan, reykjandi. Ákærði kveðst hafa verið klæddur gallabuxum og dökkum bol, merktum Adidas, með gráum röndum á hliðum.

Ákærði neitar því að hafa kastað til borðum og kvaðst ekki hafa séð nokkurn mann gera svo. Ákærði neitaði því aðspurður að hafa séð meðákærða ráðast að nokkrum manni þarna úti á pallinum. Hann kveðst telja það hæpið, því að hann hefði þurft að ganga fram hjá sér á pallinum. Nánar aðspurður kvaðst hann ekki geta útilokað að meðákærði hefði farið út á pallinn um aðrar dyr, því þær sjáist ekki þaðan sem hann stóð, en hefði meðákærði gengið eftir pallinum hefði hann séð hann.

Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð neinn mann veita öðrum áverka, en það hefði verið mikið um hróp og hávaða. Hann kvaðst ekki þekkja mann sem hann tók frá Y. Þeir menn hefðu haldið Y, en ákærði kveðst ekki hafa þekkt þá og myndi ekki þekkja þá aftur. Ákærði kveðst hafa neytt áfengis um kvöldið. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum þess, en ekki hafa verið ölvaður og vita vel hvað hann aðhafðist. Aðspurður hvort hann eða aðrir úr hans hópi hefðu orðið fyrir áreiti, lýsti hann því að á því hefði borið eftir að einn heimamanna hefði orðið afbrýðisamur í garð meðákærða, tveimur til þremur vikum fyrr. Þetta áreiti hefði lýst sér í því að fólk hefði ýtt við þeim, gefið olnbogaskot og hrópað eitthvað til

þeirra á íslensku, sem hann hafi ekki skilið. Þetta kvöld hefði allur hópurinn farið á krána, en yfirleitt hefðu það verið 4-5 úr honum sem fóru þangað í einu. Þá hefði honum sjálfum verið ýtt eitthvað og hrint. Hann hefði ekki orðið vitni að því að aðrir úr hópnunum yrðu fyrir áreiti.

Ákærði Z bar hér fyrir dómi mjög á sama veg og fyrir lögreglu. Hann kveðst hafa farið á Gamla Bauk ásamt fleira fólki. Hann kveðst hafa verið nýbúinn að kaupa sér drykk á barnum og staðið við dyr nálægt tröppum. Portúgalskur maður hafi gengið um dyrnar og 5-6 menn hafi rokið í þann mann. Þessir menn hafi þust fram hjá ákærða og rekist í hann svo hann missti glasið með drykknum. Aðspurður kvað hann A hafa verið í þessum hópi. Hann hafi tekið í einn mannanna og kallað til þeirra, en fengið högg á sig. Hann hafi þá slegið frá sér en ekki séð hvern hann sló, því hann hafi verið álútur og slegið frá sér með lokuð augun, e.t.v. þrjú eða fjögur högg. Hann kveðst ekki vera viss um hvort högginn lentu á höfði eða líkama einhvers. Aðspurður kvað hann ekki geta staðist A hefði orðið fyrir þessum höggum, með tilliti til staðsetningar hans. Hópurinn hafi þá snúist gegn honum, en hann hafi hörfað undan að barnum. Þvagan hafi síðan farið frá honum og borist út. Hann hafi ætlað út, en ekki komist fyrir mannþrönginni. Hann hafi farið aftur að barnum og síðan inn á salerni þar sem hann hafi lokað sig inni í 10-15 mínútur.

Hann hafi heyrt mikinn hávaða úti. Síðan hafi hann farið að aðaldyrunum aftur og komist aðeins út á pallinn, en þá hafi verið veist að honum. Hann hafi verið einn þarna gegn hópi Íslendinga, hörfað inn og farið að barnum aftur. Þar hafi verið kona sem kunni að vera eigandi barsins. Hún hafi spurt hvort hann hefði átt í slagsmálum og ráðlagt sér að bíða. Hann hafi hinkrað í um fimm mínútur og síðan farið út um aðaldyrnar og hoppað yfir handrið og farið upp tröppur og gengið að hótelinu. Hann hafi á leið upp stigann hitt tvær stúlkur frá hótelinu. Hann hafi hitt fyrir lögregluna og sagt þá ósatt um hvernig hann hefði hlotið áverka á kinn og sagt rangt til nafns. Aðspurður kvað hann þetta hafa verið í fyrsta sinn þessa nótt sem hann sá lögregluna. Hann kveðst þetta kvöld hafa drukkið um 5-6 bjóra og tvö stau af sterku áfengi.

Vitnið I, sem kveðst ekki hafa neytt áfengis þetta kvöld, kveðst hafa kannast við fyrrnefndan Y og ákærða Z fyrir þann tíma er atvik gerðust. Hún kveðst hafa farið að salernum og séð hvar Y átti í einhverjum útistöðum þar við A. Hún kveðst hafa sótt kunningja Y, en er þau komu að hafi dyravörður verið að stilla til friðar milli þeirra. Um hálfri klukkustund til fjórutíu og fimm mínútum síðar hafi hún verið stödd við barinn og gengið þaðan að stiganum og hafi hún staðið í fyrstu eða annarri tröppu stigans. Hún hafi ekki séð atvik alltof vel en hún hafi þó séð Y og A vera að kýtast og síðan hafi hún séð Y skalla mann að nafni J. Síðan hafi hún séð A liggja en hún hafi ekki séð vel hver sló hann. Hún hafi þó séð ákærða ganga að stiganum og síðan séð mann í svörtum bol, líklega með einhverja áritun framan á, og hönd reidda til höggs. Sér hafi sýnst þessi maður slá A að fyrri bragði. Hún hafi eftir þetta hugað að A, en fólki hafi verið komið út. Hún hafi sagt A að hún ætlaði að sækja bíl sinn til að færa hann á sjúkrahús. Hann hafi farið út fyrir ásamt unnustu sinni og einum dyraverði. Hún hafi farið og ætlað að sækja bílinn og ætlað að ganga niður af pallinum. Hún hafi litið við og séð að Y hafi verið hinum megin á pallinum og hafi verið að tala við einhvern. K hafi verið að öskra út í loftið og hún hafi séð B ganga að honum og sér hafi sýnst hann ætla að róa K. Þá hafi ákærði Z slegið B svo hann lenti á henni og hún lenti utan í handriði. Síðan hafi B fallið niður og hafi ákærði Z traðkað þar á honum og hoppað á fæti hans. Hún hafi kropið á kné og bægt fæti ákærða frá er hann reyndi að sparka í B. Hún kveðst ekki

hafa orðið vör við að aðrir veittust að B með slíkum hætti. Einhver hafi tekið ákærða Z frá og sér hafi sýnst það vera C sem það gerði. Síðan hafi hún séð C haldið upp að handriði en hún hafi ekki séð hann sleginn. Eftir þetta hafi lögregla komið, svo og unnusta B, og hugað að B og hún hafi þá farið af pallinum. Hún hafi komið að ákærða Z og manni að nafni L skömmu síðar rétt hjá lögreglubílnum og hafi ákærði Z verið að hæla sér af því að hafa slegið þennan, þennan og þennan og bent á A, C og B.

Vitnið M starfaði sem barþjónn á Gamla Bauki þetta kvöld fram að því að atvik gerðust, en var þá á leiðinni til að skipta við N, starfsfélaga sinn, sem vann á barnum í Skipasmíðastöðinni sem svo er nefnd og er í annarri álmu hússins.

Kveðst hún hafa dregið A út úr hópi sem í hafi verið m.a. K, ákærði Z og maður í appelsínugulum bol, líklega Y. Hafi hún sagt við A að hann skyldi róa sig, en hann hafi ætlað af stað. Ákærði C hafi þá komið á móti honum og slegið hann þrisvar í andlitið svo hann lá. Vitnið kveðst hafa þekkt ákærða í sjón, því hún hafi oft afgreitt hann á barnum. Hann hafi verið klæddur gallabuxum og svörtum bol með einhverju hvítu framan á. Starfsfélagi hennar hafi farið að sækja síma, en hún hafi sjálf sagt við ákærða C að koma sér frá eða „drulla sér út“. Þetta hafi hún sagt á íslensku. Hann hafi glott til hennar og ekki sýnt nein merki iðrunar. Síðan hafi hún ekki séð hvað af honum varð. A hafi síðan sprottið á fætur eftir einhvern tíma og farið út. Hann hafi verið æstur og velt um borði á leið út. Þar hafi menn að nafni O og P tekið hann og haldið honum. Um þetta leyti hafi lögreglan verið komin eða að koma. M kvaðst ekki hafa séð nein atvik utan dyra. Hún kvaðst ekki hafa orðið sérstaklega vör við I meðan hún var að stumra yfir A, en það hafi verið margir þarna í kring og með vangaveltur um hvað ætti að gera.

Vitnið N, sem einnig starfaði sem barþjónn þetta kvöld, kveðst hafa verið að fara yfir á barinn á Gamla Bauki um klukkan tvö til að skipta við M. Þá hafi verið hópur þarna við stigan, en þar þurfi yfirleitt alltaf að troðast í gegn. Hún hafi ekki verið komin inn á barinn. Þarna hafi verið A á leið frá barnum í átt að stiganum. Ákærði Z hafi komið á móti honum og slegið hann tvisvar í andlitið. Vitnið kveðst hafa sótt síma og síðan hringt í lögregluna. Hún kveðst hafa sótt klaka til að hlúa að A og síðan fylgt honum út. Hún kveðst hafa farið út á pallinn síðar og þá séð lögregluna komna og vera að huga að B þar sem hann lá. Aðspurð kveðst hún ekki hafa séð ákærða Z inni á staðnum eftir að hann sló A, en segir að sig minni að hún hafi séð hann úti á pallinum. Hún kveðst ekki muna eftir I þar sem stumrað var yfir Sveinbirni.

Vitnið H kveðst hafa verið utan dyra og er hann hafi farið inn hafi hann séð A alblóðugan fyrir framan barinn inni. Læti hafi verið þarna og meðal annars hafi verið velt borði. Hann hafi fylgst með og farið á eftir hópnum út. Þar hafi verið þéttur hópur, á pallinum við tröppur þar sem gengið er niður af honum og hafi menn verið í einhverjum átökum en ekki í beinum slagsmálum. Þarna hafi verið K og Æ. Síðan hafi hann gengið fyrir hornið á Skipasmíðastöðinni. Þar hafi C verið í einhverjum átökum og fallið við. Hann hafi þá tekið ákærða Z, sem hann bar kennsl á í réttinum, og annan mann, minni vexti, sem hann hafi bent á mynd af hjá lögreglu, hálstaki, því að þeir hafi verið að sparka í C liggjandi. Lögreglan hafi komið að þar sem hann hélt mönnunum og hann þurft að gera grein fyrir því að hann væri að stöðva slagsmál. Hann hafi sleppt mönnunum og séð þá hvar B lá. Hann hafi séð ákærða Z eftir þetta og talað við hann. Ákærði hafi þá staðið fyrir neðan pallinn. Hann hafi innt hann eftir nafni og ákærði sagst heita Q. Kveðst

vitnið ekki hafa trúað því vel. Vitnið giskaði á að um 20-30 manns hafi verið þarna á pallinum.

Vitnið A kveðst hafa lent í útistöðum við Y fyrr um kvöldið, en sæst við hann. Síðar hafi hann ætlað á barinn en ekki muna mikið meira nema að hann hafi fengið högg. Hann kveðst hafa talið að höggið hefði komið frá Y. Hann kveðst hafa verið undir áhrifum áfengis. Hann kveðst ekki muna eftir að hafa séð ákærða Z í tengslum við þetta atvik.

Vitnið B kveðst hafa verið úti á pallinum. Hann skýrir svo frá að hann hafi séð K sleginn í andlitið, en hann viti ekki hver sló hann. Hann hafi ætlað að koma G frá, en þá fengið högg á höfuðið. Hann hafi ekki séð hver greiddi honum það högg. Aðspurður kvaðst hann ekki hafa séð ákærða Z þarna úti og ekki heldur ákærða X. Hann hafi vankast verulega við höggið og ekki muna eftir sér með vissu upp frá því, fyrr en verið var að koma honum á fætur, og hafi ekki hugmynd um það hvernig hann fékk þá áverka sem hann varð fyrir.

Vitnið C kveðst hafa verið fyrir utan að tala við R og hafa séð hvar B lá, en ekki hver sló hann niður. Yfir B hafi staðið tveir til þrjú menn. Vitnið kveðst hafa rokið í ákærða og upp úr því fengið fleiri en eitt hnefahögg í andlitið. Vitnið segir að tveir menn hafi ráðist að sér og kvaðst muna klæðnað þeirra, svartan bol með einhverjum stöfum á að framan og skærlitan bol. Vitnið kveðst hafa fengið spark í andlit og líkama eftir að hafa verið slegið niður. Vitnið sagði aðspurt að það myndi ekki eftir að hafa séð þarna þau I og H.

Vitnið S kveðst hafa orðið vitni að atviki fyrir framan salerni milli A og Y. Þetta hafi verið um klukkan hálféitt til eitt um nóttina, á að giska. Eftir það hafi liðið „þriggja drykkja bið“ eða tveggja, en þá hafi orðið atgangur við stigan. Kveðst vitnið hafa setið við barinn og talað við mann og horft í átt að stiganum. Hafi A gengið í áttina að vitninu. Ákærði Z hafi þá komið að og gefið A á hann. Vitnið kveðst aðeins hafa séð eitt högg, en lýsir falli A þannig að ætla má að höggið hafi verið greitt af afli. Vitnið kveðst eftir þetta hafa gengið út en hvarflað aftur inn um aðalinnganginn. Vitnið kveðst hafa séð Y haldið þar sem fatahengin séu. Vitnið kveðst hafa gripið í hann til að koma honum út, en ekki náð sambandi við hann strax. Kveðst vitnið síðan hafa farið með Y út á pallinn að handriði nálægt horni Skipasmíðastöðvarinnar. Vitnið kveðst hafa sagt honum að vera rólegur, en hann hafi ekki hlýtt því. Vitnið hafi orðið vart við einhverja hreyfingu sér til hægri handar, á pallinum fyrir framan Skipasmíðastöðina. Hann hafi þá misst Y frá sér. Þetta hafi verið í þann mund sem lögreglan kom. Þá hafi einn lögreglumannanna gripið vitnið hálstaki. Vitnið kveðst kannast vel við ákærðu báða og hvorugan hafa séð þarna úti. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við C fyrr en eftir að hann hefði verið sleginn. Vitnið kveðst ekki heldur hafa orðið vart við B. Síðar hafi vitnið séð ákærðu báða þarna úti, en það hafi verið að minnsta kosti 10-15 mínútum síðar. Þá hafi vitnið ætlað sér inn fyrir og þá hafi menn verið eitthvað að kýta við dyrnar og ákærði X hafi verið að halda aftur af ákærða Z. Kemur fram í framburði vitnisins fyrir lögreglu að þá hafi lögreglan enn verið á staðnum og hafi A verið þarna meðal annarra og hafi vitninu þótt broslagt að hann skyldi vera að rífast við ákærða Z sem skömmu fyrr hafði slegið hann niður með einu höggi.

Vitnið J kveðst ekki þekkja ákærðu en hafa séð mann í svörtum bol ráðast að A. Vitnið kveðst síðan hafa ætlað að ræða við A eða huga að honum, en þá hafa verið

skallað og slegið. Hafi þá verið stumrað yfir vitninu, en eftir það hafi það farið út og rætt við lögreglu. Kveðst J ekki hafa orðið vitni að öðrum atvikum.

Vitnið T kveðst hafa séð sparkað í andlit á B en ekki hver það gerði. Margt fólk hafi verið þarna á pallinum. Vitnið kveðst hafa staðið á stéttinni fyrir framan pallinn. Vitnið kveðst hafa séð I, sem alltaf hafi verið þarna, þær tvær hafi verið að reyna að fá K og A til að fara upp á sjúkrahús, en ekki muna sérstaklega eftir að hafa séð hana nálægt B.

Vitnið R kveðst hafa verið úti á pallinum og rætt við C, sem hafi síðan stokkið frá henni, í áttina þangað sem vitnið sá B síðan liggja. Vitnið kveðst ekki hafa séð hvað síðan gerðist og ekki slagsmál milli manna.

Vitnið U kveðst hafa orðið vör við stimpingar við salerni. Vinkona hennar hafi sparkað í salernishurð. Út hafi komið drengur með lakkrísbindi og verið ósáttur. Líklega hafi svo orðið einhverjar stimpingar þarna, en vitnið hafi ekki orðið vitni að þeim, því að það hafi farið inn á salernið. Síðar hafi vitnið farið út á pallinn. Þar hafi legið ljósklæddur piltur. Hjá honum hafi I setið. Þarna úti hafi verið sá með lakkrísbindið, blóðugur. Vitnið kveðst ekki muna eftir að hafa séð ákærða Z þarna úti.

Vitnið V kveðst hafa gengið í átt að barnum með A. Hafi A farið að rífast við Portúgala sem hafi slegið A niður. Vitnið kveðst hafa séð ákærða Z þarna, en ekki geta sagt til um hvað hann aðhafðist. Vitnið kveðst hafa tekið Portúgalann sem hafi fallið og vitnið fallið þá líka. Vitnið kveðst síðan hafa farið út á pallinn þegar það náði að standa upp. Þar úti hafi það spjallað við B og sagt frá tíðindum. Út hafi komið K og ætlað í menn, líklega ákærða Z og Portúgalann. Vitnið kveðst hafa reynt að ganga á milli en B hafi verið sleginn og kveðst vitnið vera vissst um að Portúgalinn hafi slegið B. Vitnið kveðst ekki hafa séð með vissu hvort B féll við það högg. Vitnið kveðst hafa lent í einhverri þvögu og síðan hafa séð ákærða Z sparka í C fyrir framan Skipasmíðastöðina. Vitnið kveðst ekki hafa tekið eftir því að fleiri væru að ráðast að C. Vitnið hafi síðan farið að huga að B. Það kveðst ekki muna hvort I hafi verið þarna og kveðst ekki muna heldur eftir H.

Vitnið K kveðst hafa talað við A eftir að hann var sleginn fyrir innan og síðan hafa farið út um aðaldyr. Vitnið kveðst hafa átt þar í einhverju rifrildi og hafa verið slegið og hafa hálfvankast við það. Vitnið kveðst ekki vita hver sló það. Vitnið kveðst síðan hafa séð B liggja á pallinum. Vitnið kveðst hafa séð ákærða Z þarna úti eftir að það var slegið, fyrir framan Skipasmíðastöðina eftir að lögregla kom á vettvang, en ekki hafa séð hann slá neinn.

Vitnið E héraðslögreglumaður kveðst hafa farið á vettvang ásamt Di og hafi þeir komið á vettvanginn eftir á að giska þrjár til fjórar mínútur frá því að útkallið barst. Hafi verið æsingur þar og einhver læti fyrir framan Skipasmíðastöðina. Erfitt hafi verið að átta sig á aðstæðum. Vitnið minnst þess að í mannþrönginni hafi verið C. Hafi séð á honum og hafi hann verið æstur. Hafi verið talað við hann og reynt að róa hann og hafi verið talað við fleiri þarna, íslenska. Maður hafi legið á pallinum og verið gengið yfir hann í orðsins fyllstu merkingu. Kveðst vitnið hafa hugað að honum og öðrum sem sárir voru. Lögreglumennirnir Þ og líklega D hafi farið með tvo menn af vettvangi. Vitnið telur að það hafi tekið um 10 mínútur að koma á friði þarna. Vitnið kveðst hafa séð ákærða Z standa rólegan á pallinum og fylgjast með

lögreglumönnunum en ekki vita hversu lengi hann var þarna. Segir vitnið að fólk hafi verið að benda sér á hann sem þátttakanda í slagsmálum. Vitnið kveðst hafa séð H þegar það kom á vettvang. Hann hafi verið í átökum, en jafnvel virst vera að reyna að stilla til friðar. Vitnið kveðst ekki geta sagt til um það hverja H tókst þar á við.

Vitnið D lögreglumaður kveður kraðak manna hafa verið á vettvangi og mikið um að vera. Erfitt hafi verið að átta sig á því hverjir væru að slást og hverjir að reyna að stilla til friðar. Vitnið kveðst hafa séð Y slá mann, en ekki hafa aðgætt nægilega vel hvern hann sló. Hann hafi verið tekinn og settur í lögreglubifreið. Ákærði X hafi verið með Y, þarna fyrir framan Skipasmíðastöðina, en vitnið kveðst ekki hafa séð ákærða Z með þeim. Lögreglumennirnir Þ og Ö hafi ekið ákærða X og Y til síns heima. Fólk hafi hópast að lögreglumönnunum, þ. á m. H sem ekki hafi verið að slást, eftir því sem vitnið gat best séð, en virst hafa verið að skilja menn að og hafi hann bent á einhverja. Vitnið segir að sér hafi þarna verið bent á ákærða Z sem hafi staðið á pallinum, fyrir utan dyrnar að Gamla Bauki, og verið að virða aðstæður fyrir sér, m.a. hafi Á bent sér á ákærða Z sem þátttakanda í átökum. Eftir þetta hafi vitnið starfað að því að koma B á sjúkrahús, farið eftir það á lögreglustöð og síðan farið aftur út ásamt tveimur lögreglumönnum og ekið eftir Gardarsbraut. Hafi þeir þá séð til ferða ákærða Z og spurt hann að nafni, sem hann sagði rangt til um eins og áður er rakið. Vitnið telur að þá hafi verið liðnar á að giska 20-30 mínútur frá því að það fór frá Gamla Bauki. Aðspurt kvaðst vitnið muna eftir I þarna á vettvangi, en ekki muna glöggt eftir því hvar hún var eða hvað hún aðhafðist.

Vitnið Á kveðst hafa starfað í miðasölu við aðalinngang þetta kvöld og um eittleitið hafi verið kýst við salerni staðarins. Hafi dyraverðir stöðvað það og einn eða tveir verið settir út til að kæla sig. Hafi annar þeirra verið klæddur appelsínugulum bol. Upp úr klukkan tvö hafi orðið læti inni og hafi þá verið kallað á vitnið. Vitnið kveðst hafa gengið á milli tveggja manna og skilið þá að. Í þeim svifum hafi J verið sleginn yfir öxl vitnisins. Vitnið kveðst hafa stöðvað þessi slagsmál. Eftir þetta kveðst vitnið hafa orðið vart við A blóðugan að rífast við einhvern útlendan mann. Vitnið kveðst hafa fylgt A út og róað hann. Þá hafi hann kallað að verið væri að lemja G. Hann hafi ýtt A frá sér og síðan snúið sér við og þá hafi allt í rauninni verið gengið yfir. Hann hafi farið til G, sem hafi kveinkað sér, athugað um B, sem hafi legið á pallinum í móki og síðan gengið yfir á hinn enda pallsins, þangað sem C hafi setið uppi við vegginn. Á þessum tíma hafi lögregla verið komin á staðinn. Vitnið kveðst ekki muna eftir ákærða Z þarna á vettvangi. Vitnið kveðst muna eftir manni, sem var með „mestu krullurnar“, sem var æstur, „hoppaði og skoppaði“ fyrir framan Skipasmíðastöðina og héldu einir tveir, sem virtust vinir hans, aftur af honum.

#### IV.

Við rannsókn málsins yfirheyrði lögregla mörg hugsanleg vitni að atvikum, sem ekki hafa verið nefnd hér að framan og komu ekki fyrir dóm. Þá var að tilhlutan skipaðs verjanda ákærða Z gerð læknisskoðun á höndum hans. Samkvæmt læknisvottorði sá ekkert á höndum hans sem benti til áverka síðustu dagana fyrir skoðun þann 1. október sl.

Y sætti ákæru fyrir minni háttar líkamsárás inni á Gamla Bauki. Er því máli lokið með dómi. Hann var ekki kvaddur fyrir dóm til skýrslugjafar í þessu máli.

Í I. kafla ákæru er ákærða Z gefið að sök að hafa slegið A nokkrum hnefahöggum í andlitið, með þeim afleiðingum að hann hlaut bólgu og eymsli í andlit. Ákærði ber um þetta atvik að hann hafi verið nýbúinn að kaupa sér drykk á barnum og hafi 5-6 menn þust fram hjá honum til að ráðast að öðrum manni og rekist í hann svo hann missti glas sitt. Hann hafi tekið í einn mannanna og kallað til þeirra, en þá fengið á sig högg. Hann hafi þá slegið frá sér með hnefunum og verið álútur með lokuð augu.

A bar hér fyrir dómi, að hann myndi ekki mikið eftir atvikum, nema að hann hefði fengið högg og kveðst hafa talið að það hefði komið frá öðrum en ákærða. A var undir einhverjum áfengisáhrifum þarna. Fyrir liggur að sá sem hann taldi hafa slegið sig átti hlut að áflogum inni á Gamla Bauki. Virðist raunar sem að milli þess manns og A hafi kviknað neistinn sem loks tendraði hið skíðlogandi ófriðarbál sem lýst er í frumskýrslu lögreglu. Vitnið V ber einnig að annar en ákærði Z hafi slegið A niður inni á Gamla Bauki.

I bar eindregið fyrir lögreglu að hún hefði séð ákærða Z slá A inni á Gamla Bauki. Hér fyrir dómi sagði hún að hún gæti ekki staðhæft að hafa séð hann greiða honum högg, en hafa séð ákærða ganga í átt að stiganum. Síðan hafi hún séð hönd reidda til höggs og tengdi það við klæðnað, sem samrýmist klæðnaði ákærða, og að sér hafi sýnst sá maður slá A að fyrra bragði.

Vitnið I kveðst ekki hafa verið undir áhrifum áfengis þetta kvöld. Framburður hennar bendir mjög til þess að ákærði Z hafi greitt A högg.

Tveir starfsmenn staðarins, þær M og N, bera eindregið að ákærði Z hafi slegið A í höfuðið. Báðar kannast þær við ákærða. Framburður þeirra er áreiðanlegri en ella með tilliti til þess og einnig þess að þær voru starfsmenn á staðnum. Kveðast þær hafa verið að skipta um afgreiðslustaði og vegna þess verið í aðstöðu til að sjá atvik.

Framburður S, sem kannast vel við ákærða Z, hljóðar um að ákærði hafi slegið A niður.

Með framburði þessara fjögurra síðastnefndu vitna verður talið nægilega sannað, þrátt fyrir framburð V og A, að ákærði Z hafi slegið A í höfuðið eins og honum er gefið að sök í þessum ákærulið. Er verknaðurinn rétt heimfærður til laga í ákæru.

## V.

Eftir að atvik gerðust, sem I. kafli ákæru fjallar um, barst leikurinn út á verönd eða tréfall, sem liggur á milli tveggja álma staðarins, sem kallaðar eru Skipa smíðastöðin og Gamli Baukur. Giskuðu lögreglumenn og vitni á að um 20-30 manns hefðu verið á þessum palli, sem auk þess að vera á milli álmanna nær fram fyrir þær til beggja handa. Samkvæmt afstöðumynd af 1. hæð eru dyr á annarri

álmunni, Gamla Bauki, að framan en að hinni, sem er norðar, eða á vinstri hönd þegar gengið er upp á pallinn framan frá, eru dyr innst. Aðalinngangur er innst á pallinum í þverálmum sem er milli þeirra innst, þannig að byggingin er u-laga með opið að höfninni, en botninn að brattri brekku. Gengið er upp á pallinn að framan, nánast gegnt aðalinnganginum.

Samkvæmt framburði tveggja fyrrnefndra barþjóna fór önnur þeirra og sótti síma eftir að A hafði verið sleginn í gólfíð, en óróamönnum virðist hafa verið vísað út, að því marki sem þeir hafa ekki farið fúslega. Gaf einn dyravarða, sá sem raunar sinni miðasölu, skýrslu hér fyrir dómi og er hún rakin hér að framan. Rétt er að geta þess að tveir aðrir dyraverðir tjáðu lögreglu það símleidis að þeir hefðu ekki orðið vitni að neinu því sem þetta mál varðar. Kvað annar konu hafa barið sig er hann hugðist hafa afskipti af slagsmálum innan dyra. Hefðu þau verið afstaðin og áflogamenn aðskildir er hann hefði verið búinn að yfirbuga kvenmanninn og koma honum út fyrir. Hefði hann verið innanhúss er barist var utan dyra og ekki orðið vitni að neinu. Hinn minntist þess að hafa haft afskipti af Y og A við salerni staðarins, en ekki hafa meira um málið að segja. Hafa þeir ekki verið spurðir frekar.

Stúlkan sem sótti símann hringdi ekki í lögreglu fyrr en hún hafði ráðgast við starfssystur sína um það hvert ætti að hringja, en ekki verður annað ályktað en að örstutt stund hafi liðið frá því að A féll uns hún hringdi. Lögreglumenn sem komu fyrir dóm eru sammála um að ekki hafi liðið nema þrjár til fjórar mínútur frá tilkynningunni uns þeir komu að Gamla Bauki.

Hér að framan er rakin lýsing ákærða Z á því hvað hann aðhafðist eftir að A var sleginn. Kveðst hann hafa reynt að fara út en ekki komist, síðan lokað sig inni á salerni í 10-15 mínútur, og loks farið út og upp tröppur og heim.

Þegar af þeirri ástæðu að lögregla hafði tal af ákærða Z er hann kom upp tröppurnar, eftir að liðnar voru 20-30 mínútur frá því að lögregla fór frá Gamla Bauki samkvæmt framburði D, þar sem ætla verður að lögregla hafi verið minnst 10-15 mínútur, er ljóst að mat ákærða á tímanum sem leið uns hann hélt heim á leið fær naumast staðist. D hafði tal af ákærða af þeirri ástæðu að hann hafði séð ákærða standa á pallinum, rólegan og fylgjast með aðgerðum lögreglumannanna.

Er óþarft að rekja sérstaklega að fleiri vitni kveðast hafa séð ákærða Z úti á pallinum, en nægilegt að byggja hér á því að báðir lögreglumennirnir, E og D, bera að hafa séð hann standa á pallinum og fylgjast með. Er ljóst af þessu að ákærði segir ekki satt um ferðir sínar. Þá liggur fyrir að hann laug til nafns er lögreglan hafði tal af honum. Verður framburður hans af þessum sökum ekki metinn trúverðugur.

Ákærða Z er í II. kafla ákæru gefið að sök að hafa slegið B hnefahögg í höfuðið svo hann féll og síðan sparkað í höfuð hans, trampað ítrekað á fótum og bók og að endingu sparkað öðru sinni í höfuð hans, allt með þeim afleiðingum að hann fótbrotnaði á hægri fæti og hlaut áverka í andlit.

Af framburði vitna verður almennt ráðið að þvaga af fólki hafi verið þar sem B varð fyrir höggi og féll síðan. Lá hann eftir það fremst á pallinum, rétt norðan við tröppurnar upp á hann.

B kveðst ekki hafa séð hver greiddi honum högg og ekki verður ráðið af framburði hans að hann muni að hann hafi fengið fleiri höfuðhögg en eitt. Áður en B fékk höggið kveðst hann hafa ætlað að starfa að því að koma K frá, eftir að hafa séð G sleginn. Má geta þess hér að rannsókn lögreglu á því hver sló G leiddi ekki til þess að grunur beindist að einhverjum að því marki að það leiddi til ákæru. B kveðst ekki hafa tekið eftir því að ákærði Z væri á vettvangi.

Tvö vitni komu fyrir dóminn sem kveðast hafa séð hver greiddi B högg. Annað þeirra, V, er visst um það að annar maður en ákærði hafi slegið B. Hitt vitnið, I, ber eindregið að ákærði C hafi slegið B niður. Um aðdraganda höggsins ber fyrrnefnda vitnið að hafa verið á tali við B. Þá hafi K ætlað í menn, líklega ákærða Z og þann sem vitnið kveður hafa slegið B. Kveðst vitnið hafa verið að reka sams konar erindi og B, þ.e. að ganga á milli, er B var sleginn.

Þótt hugsanlegt sé að bæði þessi vitni hafi gert sér rétta grein fyrir því hver sló B, þannig að fyrst hafi hann verið sleginn af öðrum manni og síðan ákærða, er með nokkrum ólíkindum að hvorugt vitnið og engin önnur hafi séð meira til slíkra barsmíða en fram hefur komið. Er varhugavert að miða við að B hafi verið sleginn af fleiri mönnum en einum. Til þess verður að líta að á þessum stað og stund virðist sem menn hafi þröngvast saman, flestir eitthvað ölvaðir og hafi sumir verið æstir, órólegir og árásarhneigðir en aðrir hafi viljað halda aftur af þeim með misjafnlega miklum eða litlum árangri. Bæði vitnin verða að teljast hafa verið í aðstöðu til að sjá hver greiddi B högg og hvort um sig er visst um hver það gerði. Með tilliti til aðstæðna er ekki ósennilegt að öðru hvoru vitninu hafi missýnst um þetta og þykir varhugavert að slá því föstu hvort þeirra hafi greint með réttu hver greiddi B höggið. Vitnið I ber einnig að nokkru síðar hafi ákærði Z hælt sér af því við mann að nafni L að hafa barið menn sem hann benti á og bent þá m.a. á B. L þessi kom ekki fyrir dóminn, en samkvæmt framburði hans fyrir lögreglu minnst hann þess ekki að hafa staðið á þessu tali við ákærða Z. Jafnvel þótt þar kunni að vera um rangminni að ræða og þetta vitni hafi ekki verið prófað fyrir dómi um þetta, verður einnig að líta til þess að ekki er óhugsandi að vitnið I hafi misskilið samtal þessara erlendu manna að einhverju leyti um það hvaða atvikum ákærði hafi verið að greina frá. Samkvæmt þessu er það töluverðum vafa undirorpið að ákærði hafi gerst sekur um að greiða B þetta högg og verður hann því sýknaður af þeim þætti í þessum lið ákæru.

## VI.

Vitnið I ber að eftir að B var fallinn hafi ákærði Z traðkað á honum og hoppað á fæti hans. Þá hafi hún bægt fæti ákærða frá andliti B er ákærði hafi reynt að sparka í hann. Það að sparkað hafi verið í B fær nokkra stoð í framburði vitnisins T um að hún hafi séð sparkað í andlit hans en T sá ekki hver það gerði. C kveðst hafa rokið í ákærða þar sem hann sá B liggja og menn standa yfir honum. Kom fram í skýrslu þessa vitnis fyrir lögreglunni að sparkað hefði verið í B, en ekki að einhver eða einhverjir þeirra hefðu traðkað og hoppað á honum. Lýsing C á klæðnaði þess manns sem hann réðst á þarna er í góðu samræmi við klæðnað ákærða Z og þykir ekki varhugavert að slá því föstu með skírskotun til framburðar I og C, auk þess sem samhengi er milli þessa atviks og þess sem rakið verður í næsta kafla, að hér

hafi verið um þennan ákærða að ræða.

Þess verður að gæta að þrátt fyrir það að I hafi ekki veitt öðrum en ákærða eftirtekt í þessum þætti atburðarásarinnar, virðist sem í raun hafi myndast þvaga beinlínis þar sem B lá fallinn og I hugaði að honum. Ber E héraðslögreglumadur, sem má ætla að hafi komið á vettvang nánast í þessum svifum eða þar rétt á eftir, að ófriður hafi verið, sem greinilega lögði ekki umsvifalaust við komu lögreglunnar og að þarna hafi beinlínis verið gengið yfir B í orðsins fyllstu merkingu. Af framburði I og C verður ráðið að ákærði Z hafi verið einn af þeim sem það gerðu í þvögunni uns C réðst að honum, en varhugavert er að telja sannað svo hafið sé yfir allan skynsamlegan vafa að það hafi hann gert af ásetningi og að I hafi með vissu við þessar aðstæður getað greint traðk hans frá troðningi annarra í þvögunni og að hann hafi af ásetningi sparkað í B eða hoppað á honum. Með skírskotun til þessa verður ákærði sýknaður af sakargiftum um að hafa sparkað í B og trampað á honum. Verður eftir þessu talið óupplýst svo hafið sé yfir skynsamlegan vafa hver eða hverjir hafi valdið áverkum á B.

## VII.

Vitnið C ber, svo sem nefnt er í næsta kafla hér að framan, að hafa séð mann, sem lagt er til grundvallar sem sannað að hafi verið ákærði Z, yfir B og ráðist að ákærða með því að ýta honum frá. Hafi þá ákærði Z og annar maður ráðist að sér. Hafi hann fengið högg í andlit og fallið og síðan fengið spark í andlit og líkama. Kveðst hann hafa fengið högg frá manni í svörtum bol, sem svarar til lýsingar á klæðnaði ákærða Z. Við skýrslutöku hjá lögreglu kvað hann hinn manninn hafa verið í skærlitum eða appelsínugulum bol og staðfesti hann það hér fyrir dómi.

Samkvæmt framburði vitnisins H varð hann var við átök við enda Skipasmíðastöðvarinnar og tók þá tvo menn hálstaki sem voru að sparka í C liggjandi. Ber vitnið að ákærði Z hafi verið annar þeirra.

Skýrsla þessa vitnis fyrir lögreglu hljóðar um að einhver útlendingur hefði verið að kasta til borðum inni fyrir og tók vitnið fram í skýrslu sinni hér fyrir dómi að einhver hefði hent til borðum meðan verið var að koma óróamönnum út eftir að A hafði orðið fyrir árás. Við meðferð málsins hér fyrir dómi kom ekki fram hjá öðrum vitnum að borðum hefði verið hent til fyrir innan, nema hjá einu að A hefði hent til borði er hann fór út. Hjá lögreglu skýrði H frá því að eftir hann kom út hefði hann farið fyrir hornið á Skipasmíðastöðinni og orðið var við að C slóst þar við tvo menn, annan í klæðnaði sem svarar til klæðnaðar ákærða Z, en hinn hefði verið sá sami og kastaði til borðum inni fyrir. Við myndbendingu þann 12. október sl. benti þetta vitni á ákærða Z sem árásarmann á C. Við myndbendingu tveimur dögum síðar benti vitnið á mynd af ákærða X sem hinn árásarmanninn og sagði að hann væri sá sem hefði kastað til borðum inni á veitingastaðnum og verið í slagsmálum við C. Vitnið kvað þennan mann sem kastaði borðinu hafa verið með krullað hár og endurtók það hér fyrir dómi. Hér fyrir dómi kvaðst vitnið ekki geta fullyrt hvor árásarmannanna hefði sparkað í andlit C, en kvað þá báða hafa beint spörkum að honum. Kvaðst vitnið hafa blandað sér í þetta vegna þess að það taldi C misþyrmt með þessu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð beina orsök þess að C féll. Vitnið kvaðst hafa haldið mönnunum þegar lögreglumennirnir E og D komu.

Rétt er að nefna í þessu samhengi framburð vitnisins S, en hann ber að hafa haldið Y á stað rétt þar hjá sem þetta atvik gerðist. Má ætla að það verkefni hafi fangað athygli vitnisins að langmestu leyti og varð það ekkert vart við ákærðu þarna úti fyrir en síðar, en það varð þó vart einhverrar hreyfingar við enda Skipasmíðastöðvarinnar. Missti vitnið Y þá frá sér í þá átt og næst tók lögreglumaður vitnið hálstaki samkvæmt frásögn vitnisins. Y mun hafa verið klæddur appelsínugulum bol.

Ákærði X ber eindregið að hafa reynt að fylgja Y eftir fyrir utan og forða honum frá vandræðum. Fer þetta saman við það að hann var umsvifalaust hjá lögreglu er Y var handtekinn samkvæmt framburði D. Fer þetta ekki vel saman við framburð S um að hafa hitt ákærðu báða við anddyri staðarins síðar, en þó áður en lögregla var farin af vettvangi. Kann þó að vera að ákærði X hafi verið mun fljótari til baka á vettvang en hann skýrir frá. Annar lögreglumannanna kveðst hafa séð Y slá mann, en ómögulegt er að álykta nokkuð með vissu um hver það kunni að hafa verið.

Ekki verður þó útilokað að einhver mannruglingur sé á ferð, því að klæðnaður annars árásmannsins samkvæmt framburði C svarar til klæðnaðar Y og ekki var ákærði X krullhærður er hann kom hér fyrir dóm. Verður enn að hafa í huga að atvik gerðust nokkuð hratt og er ekki auðvelt fyrir vitni að greina með réttu hver aðhefst hvað í hópi manna sem tuskast og slást með hávaða og óróa. Myndbending vitnisins H er í raun hið eina sem bendlar ákærða X við árás á C. Með tilliti til aðstæðna þykir ekki sannað með henni einni, sérstaklega ef gætt er að lýsingu C á klæðnaði árásmanna, svo nægilega sé hafið yfir vafa að sá ákærði hafi verið annar þeirra sem vógu að C. Verður hann því sýknaður af sakargiftum í ákæru. Á hinn bóginn þykir framburður C og H vera sæmilega skýr og samhljóða um að ákærði Z hafi ásamt öðrum manni slegist við C svo hann féll og síðan hafi ákærði sparkað, annaðhvort í andlit hans eða líkama eftir að hann var fallinn. Þá ber vitnið V að hafa séð ákærða Z sparka í C. Verður að telja nægilega sannað með framburði þessara vitna að ákærði C hafi gerst sekur um að slá C og sparka í hann liggjandi, en ekki er unnt að telja sannað að hann hafi sparkað í andlit hans fremur en líkama. Þessi verknaður varðar við tilgreint refsíákvæði í ákæru.

## VIII.

Ákærði Z hefur ekki sætt refsingum samkvæmt sakavottorði, sem vonlegt er með tilliti til þess hve skamman tíma hann mun hafa dvalið hér á landi. Hann er hér sakfelldur fyrir tvö brot gegn 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga. Bæði brotin voru framin í slagsmálum sem brutust út á skemmtistað um klukkan tvö að nóttu, að því er virðist milli farandverkamanna af mismunandi þjóðernum annars vegar og heimamanna hins vegar. Er síður en svo ljóst af því sem upplýst hefur verið hér fyrir dómi að upptök þeirra hafi verið af hálfu fyrrnefnda hópsins og þykir mega líta til þessara aðstæðna við ákvörðun refsingar ákærða. Hins vegar liggur ekki annað fyrir en að heimamenn hafi einir orðið fyrir áverkum ef frá er talinn smávægilegur áverki á ákærða Z.

Á hinn bóginn verður að líta til þess að báðar árásir ákærða voru framdar af meiri hörku en réttlætt verður með tilliti til þessara aðstæðna. Sló hann A harkalega í höfuðið og ber einnig að líta til þess að ekki liggur fyrir að A hafi sýnt af sér atferli gegn ákærða sem hafi verið réttlætanlegt tilefni þess að ákærði réðst þannig að honum. Slagsmál hans við C voru hins vegar í tilefni af því að C réðst að honum, en atлага ákærða að C með sparki í félagi við annan mann eftir að hafa felld hann verður með engu móti réttlætt. Ekki var þó sparkað í C af slíku afli að verulegur skaði hlytist af. Verða meiðsli hvorugs þolandans talin veruleg og ekki annað líklegt en að þeir jafni sig að öllu leyti.

Með skírskotun til þessa og eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga verður refsing ákærða ákveðin fangelsi í einn mánuð, sem rétt er að skilorðsbinda eins og greinir í dómsorði.

Eftir þessum málsúrslitum verður bótakröfu B vísað frá dómi, svo og bótakröfu C á hendur ákærða X.

C hefur uppi bótakröfu á hendur ákærða Z. Þykir bótaskylda vera fyrir hendi eftir almennri ólögfestri reglu um skaðabótaskyldu utan samninga. Er í fyrsta lagi krafist endurgreiðslu sjúkrahúskostnaðar að fjárhæð 5.388 krónur. Er sá liður studdur reikningi og verður tekinn til greina.

Í öðru lagi er krafist miskabóta að fjárhæð 300.000 krónur, með vísan til 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 með áorðnum breytingum. Með vísan til a-liðar 1. mgr. þeirrar greinar, sbr. 13. gr. laga nr. 37/1999, er heimilt að dæma slíkar bætur og þykir rétt að beita þeirri heimild, þótt líkamstjón tjónþola hafi verið lítið og ekki til þess fallið að valda honum miklum þjáningum eftir þeim gögnum sem fyrir liggja. Verða honum dæmdar 60.000 krónur í miskabætur.

Í þriðja lagi er krafist bóta vegna aðstoðar lögmanns við að halda fram bótakröfu og hljóðar sá liður endanlega um 111.116 krónur. Samkvæmt 4. mgr. 172. gr. laga nr. 19/1991, sbr. 39. gr. laga nr. 36/1999, ber að dæma tjónþola bætur vegna kostnaðar sem hann hefur haft af því að halda fram kröfu sinni, þar á meðal lögmannsaðstoðar. Aðstoð lögmanns tjónþola felst í þessu tilviki í því að afla gagna frá lögreglu, rita bótakröfu og koma henni á framfæri ásamt reikningi fyrir læknskostnað. Þá sótti lögmaðurinn þing við aðalmeðferð málsins, en þess ber að gæta að hann var skipaður réttargæslumaður annars tjónþola. Með tilliti til þessa ákveðast bætur í þessum lið 55.000 krónur. Samtals verður ákærði því dæmdur til að greiða tjónþola 120.388 krónur auk dráttarvaxta frá uppsögudegi þessa dóms að telja.

Ekki verður séð að annan kostnað, sem telst til sakarkostnaðar, en málsvarnarlaun, ferðakostnað og þóknanir verjenda og réttargæslumanns hafi leitt af rannsókn þessa máls og rekstri þess hér fyrir dómi. Er þar óhjákvæmilega um umtalsverðan kostnað að ræða. Ákærði Z verður eftir framangreindum málsúrslitum dæmdur til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjenda síns að hluta sem miðast við helming þeirra, þó þannig að honum verður ekki gert að greiða hlutdeild í þeim kostnaði sem stafar af því að lögmaðurinn varð að takast á hendur ferð til Akureyrar vegna byrjunar aðalmeðferðar með skýrslutöku af meðákærða. Allur annar sakarkostnaður fellur á ríkissjóð.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða Z, Örlygs Hnefils Jónssonar hdl., ákveðast, með hliðsjón af yfirliti hans um fjölda vinnustunda vegna málsins, 560.000 krónur, og greiði ákærði Z þar af 250.000 krónur.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X við meðferð málsins fyrir dómi eftir þingfestingu þess, Arnbjargar Sigurðardóttur hdl., ákveðast 250.000 krónur.

Þóknun skipaðs verjanda ákærða X við meðferð málsins á rannsóknarstigi þess og þinghald til þingfestingar þess, Birgis Arnar Guðmundssonar hdl., ákveðst 130.000 krónur.

Þóknun skipaðs réttargæslumanns brotapolans B, Ásgeirs Helga Jóhannssonar hdl., ákveðst 150.000 krónur.

Málsvarnarlaun og þóknanir eru tiltekin að meðtöldum virðisaukaskatti. Útlagður kostnaður vegna aksturs milli Húsavíkur og Akureyrar er ekki innifalinn í tilgreindum fjárhæðum en greiðist samkvæmt reikningum fyrir hann.

Dóminn kveður upp Erlingur Sigtryggsson héraðsdómari.

### **Dómsorð:**

Ákærði Z sæti fangelsi í einn mánuð, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún falla niður að liðnum tveimur árum frá uppsögu þessa dóms að telja, haldi hann hið almenna skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, að gerast ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum.

Ákærði X er sýkn af kröfum ákæruvaldsins í þessu máli.

Ákærði Z greiði C 120.388 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 16. nóvember 2007 að telja til greiðsludags.

Vísað er frá dómi bótakröfu B á hendur ákærða Z og bótakröfu C á hendur ákærða X.

Ákærði Z greiði 250.000 krónur af málsvarnarlaunum skipaðs verjanda síns, Örlygs Hnefils Jónssonar hdl., sem ákveðast í heild 560.000 krónur og greiðast úr ríkissjóði að öðru leyti. Annar sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða X, Arnbjargar Sigurðardóttur hdl., 250.000 krónur, þóknun skipaðs verjanda sama ákærða, Birgis Arnar Guðmundssonar hdl., 130.000 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotþola, Ásgeirs Helga Jóhannssonar hdl., 150.000 krónur.